



Maríuhæna

Höfundur: Siv H. Franksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 5. bekk og eldri



Aðferð:

Prjón
Útsaumur

Áhöld:

- ✓ Prjónar nr. 4,5–5
- ✓ Skæri
- ✓ Nál með oddi
- ✓ Gróf javanál

Efni:

- ✓ Garn sem hentar prjónastærð
- ✓ Filtefni
- ✓ Perlugarn
- ✓ Perlur
- ✓ Augu/tölur
- ✓ Tróð
- ✓ Pípuhreinsarar

Vinnulýsing fyrir nemendur


- 1 Fitjið upp 20 lykkjur með svörtu garni. *Auðvitað má velja hvaða lit sem er.*
- 2 Þrjónið 7 cm garðapryjón og 13 cm sléttprjón.
- 3 Skiptið yfir í rautt garn og þrjónið 13 cm sléttprjón.
- 4 Skiptið yfir í svart garn og þrjónið 7 cm garðapryjón og fellið síðan af.
- 5 Saumið svarta rönd með lykkjuspori á miðju rauða stykkisins (bak).
- 6 Sníðið 4 hringi úr svörtu filti og saumið þá með perlugarni á bak maríuhæunnar t.d. með tunguspori.
- 7 Festið augu.
- 8 Saumið hliðarnar saman og setjið tróð inn í.
- 9 Rykkið opið saman með þræðispori og kringum haus. Gangið frá endum.
- 10 Festið þreifara og fætur sem eru úr pípuhreinsurum. Setjið perlu á þreifara, fæturnir eru úr 3 hálfum pípuhreinsurum.




Saumið e.t.v. munn.




Lykkjuspor



Tunguspor




Þræðispor



Uppfitjun – Húsgangsfít:




1. Setjið bandið yfir tvo fingur og krepjið hina þrjá.



2. Takið þrjón í hina höndina og dragið bandið fram. Munið að halda því föstu með fingrinum.



3. Farið svo með þrjóninn undir bandið á þumalfingri.



4. Sækið bandið sem er á vísifingri og komið með það sömu leið til baka út hjá þumalfingri.




5. Þá koma tvær lykkjur í einu, en það er bara í fyrsta sinn.



6. Endurtakið 3, 4 og 5. Þá kemur ein lykkja í einu. Fitjið upp áfram eins margar lykkjur og óskað er.



Leggið bandið eins og myndin sýnir yfir og undir fingurna til skiptis. Byrjið svo að þrjóna.



Svona er haldið á þrjónunum!